



Mál nr. 38/2023: Frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Umsögn stjórnar og skólamálanefndar Félags stjórnenda leikskóla (FSL)

Reykjavík, 10. mars 2023

Félag stjórnenda leikskóla fagnar því að með samþykkt þessa frumvarps mun leikskólastigið vera komið inn á borð menntamálaráðuneytis í gegnum þjónustustofnun á sviði menntamála. Lengi hefur verið kallað eftir slíkri þjónustu við leikskólastigið. Við sjáum strax hag í að fá þjónustustofnun fyrir leikskólastigið og þá sérstaklega fyrir þá skóla sem starfa ekki með skólaskrifstofum hjá sínu sveitarfélagi, samkvæmt 1. gr. frumvarpsins um stofnun og hlutverk.

Bakland margra leikskóla er veikt og í mörgum leikskólum/sveitarfélögum er leikskólastjóri eini fagaðilinn sem þarf að eiga í faglegum rökræðum við yfirstjórn sem hefur í of mörgum tilfellum ekki fræðilegan bakgrunn til að taka ákvarðanir varðandi faglegt skólastarf. Hér sjáum við að þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem kynnt er í umræddu frumvarpi til laga geti haft aðkomu að erfiðum málum, leiðbeint aðilum og „*stutt við skólastarf í samræmi við lög, stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið*“. Markmið væntanlegrar lagasetningar styður vel við þetta.

Þá er að okkar mati jákvætt að markmið væntanlegrar lagasetningar og verkefni væntanlegrar þjónustustofnunar mun veita stjórnendum leikskóla mikilvægan stuðning til að fara eftir lögum og reglum sem gilda um rekstur leikskóla.

Verkefni væntanlegrar stofnunar falla vel að þessu, m.a. í töluliðum 3 og 7 í 5. gr. um verkefni:

3. styðja, samhæfa og eftir atvikum framkvæma skólaþjónustu í leik-, grunn- og framhaldsskólum, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.

7. veita faglegan stuðning og leiðsögn við gerð innra mats, framkvæmd og eftirfylgni úrbótaáætlana vegna ytra mats og ferli stöðugra umbóta í skólum.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd stjórnar og skólamálanefndar FSL

Sigurður Sigurjónsson
formaður Félags stjórnenda leikskóla